

1
2
3
4
5
6
7
8
9
10
11
12
13
14
15
16
17
18
19
20
21
22
23
24
25
26
27

Heldurðu að þú hafir keypt nóg?

Ég veit það ekki.

Hvað heldur þú?
Ætti ég að kaupa meira, eða...?

Er mögulega einhver á eyjunni
sem þú hefur ekki verslað fyrir?

Já, einn.
–Einn?

Já. Þú.

Ég er ekki á eyjunni.

Þú ert eyjan mín.
Ég er eyjan þín?

Fjandinn.

Af hverju ertu að laga á þér hárið?

–Sæl, Katrín mín.

Hæ.

Hvað segirðu?
Er ekki allt vitlaust að gera í undirbúningi...

Já, allt brjálað.

Erum við nokkuð að drepa þig
með innkaupalistunum?

Nei, nei ekkert mál.

Alls ekki.

Ég ræð ekkert við þetta.

Það vilja allir fá svona skó

síðan Stefanía hans Jóns fékk sína.

Einmitt, nákvæmlega.

Þetta verður skemmtilegt.

Svona sörpræs fyrir alla um helgina...

glaðningur frá útlöndum...

Já, þetta verður stuð.

Jæja elskan m*n, ég ætla ekki að tefja þig lengur.

Ég sé þig í fyrramálið.

28

Já, hlakka til.

29

Ég líka, elskan mín.

30

Ég er voðalega spennt.

31

Góða ferð.

32

Takk.

33

Takk fyrir það.

34

Bless, elskan mín.

35

Bless.

36

Bless, bless.

37

Já, bless.

38

Get ég komið með þér í þetta sinn?

39

Nei, ég get það ekki.

40

Kannski.

41

Þetta er farið að verða fáránlegt.

42

Ég meina, í alvöru.

43

Já, það er rétt.

44

Hvað er þá vandamálið?

45

Öllum verður alveg sama.

46

Hefurðu komið til eyjunnar minnar?

47

Er ekki gaman að vera komin heim?

48

Jú, jú.

49

Hvernig líst þér á nýja bíllinn?

50

Er þetta nýr bíll?

51

Sérðu það ekki?

52

Fjór hjóladrifinn með vökvastýri.

53

Svo er hann með svona cruise-control.

54

Ég get bara stillt á ákveðinn hraða,

55

og svo sleppi ég bensíngjöfni,

56

Og hann keyrir bara.

57

Alveg ótrúlegt.

58

Svo er hann með svona miðstýrðum
sjálfvirkum gluggum.

59

Sjáiði.

60

Og það besta er að hann er með fjarstýringl

61

Kata! Hvern heldur þú að ég hafi hitt
í Kringlunni um helgina?

62

Hann Arnald.

63

Hann er svo sætur hann Addi.

64

Gott ef hann er ekki búinn að kaupa sér íbúð.

65

Duglegur strákur hann Addi.

66

Við erum hætt saman.

67

Kjaftæði!

68

Ég var ekkert að segja frá þessu strax.

69

Þetta var geðveikt mál hjá fjölskyldunni.

70

Skil þig. Kannast við það.

71

Addi.

72

En þú?

73

Er ekki fullt af sætum strákum í New York.

74

Jú, jú.

75

Ég meina, ég er samt ekkert að. . .

76

Þú veist, ég tékka á hinum og þessum.

77

Já, já. Auðvitað.

78

Blessaður.

79

Blessuð, maður.

80

Velkomin heim.

81

Mér finnst að ég hafi ekki séð þig í mörg ár.

82

Við hittumst reyndar um jólin, manstu?

83

Einmitt.

84

Hvernig er í Ameríku?

85

Bara ágætt.

86

Ég saknaði þín.

117 Langar hana ekki að koma?
118 Bíddu, hvað?
119 Það verða engar lesbíur þarna, ókei?
120 Þegiðu.
121 Ég veit.
122 Kristján minn. Ætlar þú að fara í þessu?!

123 Ha?
124 Ætlar þú að fara í þessu?
125 Já, er eitthvað að þessu?
126 Nei, nei.
127 Ég hélt þú færir kannski í sparifötum,
128 til hans afa þíns.
129 Hvað meinarðu spariföt ?
130 Hvað eru spariföt ?
131 Þú veist hvað ég meina vinur.
132 Þetta eru sparifötin mín.
133 Þetta er sparipeysan mín.
134 Og þetta eru sparibuxurnar mínar.
135 Greiddu þér alla vega. . .
136 Ertu þú eitthvað slöpp vina mín?
137 Nei.
138 Heyrðu, ég keypti handa þér sumargjöf.
139 Mátaðu hana.
140 Ég veit þú verður gasalega sæt í þessu.
141 Jæja.
142 Til hamingju.
143 Takk fyrir.
144 Velkomin
145 Sælar, elskurnar mínar.
146 Til hamingju með afmælið, gamli.

147 Til hamingju með afmælið, pabbi minn.
148 Þakka þér elskan.
149 Sæll afi.
150 Takk, drengur minn.
151 Til hamingju afi.
152 Kata mín.
153 Yndislegt að hafa þig hér * dag.
154 Það hefði verið leiðinlegt að halda upp á þetta án þ*n.
155 Auðvitað kom ég, afi. . .
156 Hefurðu hitt hann Hallmund
sem er með mér í kórnum?
157 Hann á dótturson á þínum aldri. . .
158 Sæl, Hallmundur.
159 Sæll.
160 Þú ert alltaf í Ameríku.
161 Er það ekki spennandi?
162 Ég hefði gjarnan viljað vera
í New York á þínum aldri.
163 Ég verð því miður að fá að svara þessu.
164 Allt í lagi, ekkert mál.
165 Takk.
166 Góðir veislugestir.
167 Við erum hér saman komin á þessum fallega degi. . .
168 til þess að fagna stórafmæli elskulega Mumma okkar.
169 Mummi hefur verið gæfumaður í gegnum sitt líf.
170 Hann var alltaf yndislegur við barnabörnin,
171 og þau nutu sín vel í samvistum við hann.
172 En þar sem ég er ekkert sérstaklega góður ræðumaður,
173 þá tók ég mig til og samdi texta
handa tengdaföður mínum.
174 Ég ætla að biðja nánustu ættingja að koma hérna upp.
175

176 Og endilega syngið öll með í viðlaginu.
177 Þið þekkið þetta öll.
178 Nú höfum við gaman og syngjum saman til heiðurs Mumma.
179 Hann Guðmundur er gæðakarl
og sjötugur í dag.
180 Mikið ertu í fallegum kjól.
181 Eru ekki allir bálskotnir í þér?
182 Eða ertu kannski trúlofuð?
183 Nei.
184 Hvað er þetta?
185 Þarna er hann frosti.
186 Bráðfallegur og myndarlegur og duglegur,
187 hann er sonur hans Guðmundar,
188 sem er með honum Tomma í Rótarí klúbbum.
189 Skál!
190 Veistu?
191 Gott ef hún Katrín mín...
192 er ekki bara komin með kall þarna í Ameríku.
193 Væri ekki týpískt ef hann væri svartur.
194 Nei. Væri það nokkuð eftir henni?
195 Nei ætli það.
196 Kannski er það Sv*, eða Dani jafnvel.
197 Það er skömminni skárna að fá
Skandínava í fjölskylduna.
198 Mér þætti nú best ef hann væri íslenskur.
199 Mamma!
200 Heldurðu að hún væri þá ekki að
tala íslensku við hann?
201 Kristján minn, láttu ekki svona.
Maður segir bara svona.
202 Skál elskan.
203 Hæ.

204 Ertu ekki bara hress?
205 Ertu fullur?
206 Nei.
207 Ég ætlaði bara að láta þig vita...
208 þetta sem þú varst að segja mér í gær...
209 Það getur verið að ég hafi misst það út úr mér.
210 En það var eiginlega enginn eftir í partíinu.
211 Gunni og Frosti kannski.
212 Frosti?
213 Já.
214 Frosti?
215 Já, hann var kannski sofandi.
216 Ég er ekki alveg með þetta á hreinu, Kata.
217 Fyrirgefðu, ert þú vangefinn?
218 Nei.
219 Þekkir þú hann eitthvað?
220 Skiptir engu máli Kata.
221 Halló?
222 Ég þoli ekki þetta samkynhneigða fólk,
223 alltaf á sundskýlum,
224 að dansa um á bílapöllum í skróðgöngu.
225 Ég veit hvað þú meinar.
226 Sem betur fer eru til allskonar týpur.
227 Já, já.
228 Það eru sko alls konar útgáfur af þessu.
229 Sko!
230 Ég hef aldrei farið í skróðgöngu.
231 Ekki þannig.
232 Hvað sem þið haldið að þið hafið heyrt er helvítis lygi.
Hvað ertu að segja vinan?

233

Við erum búnar að vita þetta lengi.

234

Þetta þarf ekki að vera neitt feimnismál.

235

Amma þín heitin, fann þett á sér

236

fyrir löngu.

237

Afi þinn ætlar meira að segja að tilkynna þetta

238

formlega á eftir, þegar hann heldur ræðuna.

239

Afi!

240

Katrin mín. . .

241

Heyrðu, sko. . .

242

varðandi ræðuna þína.

243

Já?

244

Jæja sko...uh

245

Ég er ekki alveg viss um að ég vilji að fólk viti þetta.

246

Ég veit það ekki alveg sjálf.

247

Elskan mín. Þetta er allt í himnalagi.

248

Við erum öll svo ánægð með þetta, sérstaklega ég.

249

En að fara að halda ræðu?

250

Átti ekkert að spyrja mig.

251

Á bara að fara að vaða í einhver ræðuhöld?

252

En þú ert alltaf svo mikið í útlöndum. . .

253

það gafst bara enginn tími til þess að ræða. . .

254

við höfum verið upptekin við undirbúni. . .

255

Ágæta samkoma.

256

Þetta er búið að vera skemmtilegt kvöld.

257

Ég vona að þið hafið öll skemmt ykkur vel.

258

En nú er kominn tími fyrir hápunkt kvöldsins.

259

Afmælisbarnið ætlar sjálfur að segja nokkur orð.

260

Mummi, Mummi, komdu hingað upp!

261

Jæja, góða fólk.

262

Ágætu vinir og fjölskylda.

263

Eins og þið sum vitið,

264

þá er ég ekki aðeins að fagna stórafmæli í dag,

265

heldur einnig að fagna því

266

að við Hallmundur

267

höfum ákveðið að staðfesta áralanga vináttu,

268

tryggð og einlæga ást í hvors annars garð.

269

Einhverjum ykkar kann að koma þetta á óvart.

270

Kata m*n.

Við ætluðum auðvitað að segja þér þetta..

271

það fannst bara aldrei rétta mómentið.

272

Við erum einmitt að flytja
inn á framtíðarheimili okkar.

273

Okkur fannst ekki að þér ætti að þykja þetta mikið mál...

274

þú sem ert svo veraldarvön.

275

Ég vil þakka ykkur fyrir þetta ánægjulega kvöld.

276

Geturðu ekki reynt að taka þessu með opnum hug?

277

Ég vil biðja ykkur um að skála með mér. . .

278

Jú, jú.

279

Skál.